

1874.
28. febrúar. höfðingi sent hingað bænarskrá, þar sem útgefendur blaðsins Vikverja, sem kemur út í Reykjavík, hafa sókt um, að þeim gefist kostur á að gefa út á prenti stjórnarskjöl þau, er til þessa hafa verið tekin í »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands«, sem Deild hins íslenzka bókmentafélags í Kaupmannahöfn hefir gefið út, og að þeim verði veittur 150 rd. styrkur til þessa, eða 20 rd. fyrir hverja prentaða örk; hafið þér mælt fram með, að það verði veitt, sem sókt er um, með þeim skilmálum, er þér takið nákvæmar til.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, ef svo ber undir, að með því stjórnarráðið hefir í hyggju, að fá því til leiðar komið, að út gefin verði stjórnartíðindi fyrir Ísland, með því skipulagi, sem yður nákvæmar mun verða skýrt frá, frá þeim tíma, er stjórnarskipunin um hin sèrstaklegu málefni Íslands öðlast gildi og stjórnarráð fyrir Ísland tekur til starfa sinna, sem verður 1. ágústm. þ. á., hefir það eigi þókzt geta veitt það, sem sókt er um, en verður að láta það koma undir yðar vald, að auglýsa til þess tíma á þann hátt, sem hagfelldastur þykir, úrskurði þá, sem þér gefið út, og önnur umboðsleg stjórnarboð og yfirvalds-ráðstafanir, sem varðar almenning, á þann hátt, að kostnaðurinn við það greiðist af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda, og sem yður eru fengin umráðin yfir.

27. marz. **26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um tilsjón með fiskiveiðum útlendra við Ísland.**

Sjóliðsstjórnin hefir í bræfi 20. þ. m. skýrt frá, að skonnortuskipið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja, undir stjórn *P. H. Braëms* kapteins, í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.

Útaf þessu gefum vèr sjóliðsstjórninni til vitundar, að vèr 1874.
byggjum á því, að skipstjóra yfirhöfuð verði sagt fyrir á sama 27. marz.
hátt og í fyrra um tilsjón með fiskiveiðum við Ísland, og að
honum verði boðið að fara eptir því, sem sagt er frá í skýrslu
sendiherrans í Lundúnum, herforingja *Bülows*, til utanríkisstjórn-
arinnar, dagsettri 4. nóvbrm. f. á., sem hún, að því er dómsmála-
stjórninni er kunnugt, hefir sent sjóliðsstjórninni,¹ og að skip-
stjóra enn fremur verði lagt fyrir að koma við á Austfjörðum sam-
kvæmt loforði í bræfi sjóliðsstjórnarinnar 24. f. m., en að öðru
leyti finnum vèr eigi ástæðu til að fara fram á, að skipstjóra
verði sagt sèrstaklega fyrir að því leyti, er snertir þessa ferð.

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 9. apríl.
yfir Íslandi, um yfirgang enskra fiskimanna.

Eptir að vèr, eins og getið er í bræfi dómsmálastjórnarinnar
28. febr. þ. á., útaf prófi, sem haldið hafði verið við lögreglu-
rétt Sudurmúlasýslu um brot gegn tilskipun um fiskiveiðar út-
lendra við Ísland, og fl., 12. febrúar 1872, höfðum skrifað utan-
ríkisstjórninni og mælt til þess, að hún vildi hlutast til um, að
skorað yrði á ensku stjórnina, að brýna fyrir sjómönnum af
Englandi, að hlýða því, sem fyrir skipað er í tæðri tilskipun,
hefir utanríkisstjórnin skýrt frá, að hún þegar í oktbr. f. á.
eptir að skonnortuskipið Fylla var komið heim aptur úr ferð
sinni og skipstjórinn hafði látið fram skýrslu sína, þar sem hann
lætur í ljósi, að það sè æskilegt, að enskt herskip verði látið
hafa stöðvar við Ísland, eptir beiðni sjóliðsstjórnarinnar hafi
skrifað hinum konunglega sendiherra í Lundúnum og borið sig
upp við ensku stjórnina undan yfirgangi enskra fiskimanna við
Ísland, en að hann hafi aptur skýrt svo frá, að það mundi með
öllu árangurslaust að leita á ný til ensku stjórnarinnar í því

¹) Um skýrslu þessa er getið í næsta bræfi á eptir.